

**91** að koma rentu og afborgun af girðingarláninu til skila í tæka tíð. Reikningsskil 28. ág. leggur nefndin fram á aðalfundi til úrskurðar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands 28. ágúst 1914.**

**Sig. Eggerz**

*Jón Hermannsson.*

**92**  
28. ág.

## Reglugjörð

**fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o. fl.**

1. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn boðar með fjallskilaseðli þrem vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig göngu skuli hagað og hverjir skuli fara í utansveitarrjettir.

2. gr.

Enginn má heimildarlaust reka sauðfjenað eða hross í land annars manns, nje heldur án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar ónáða fje á fjalli eða í annars manns landi.

3. gr.

Skyldur skal hver sá, sem á 6 kindur eða fleiri að smala fjenaði til rjetta, svo og að fara í útrjettir eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Til útrjetta skulu jafnan valdir svo markglöggir menn og áreiðanlegir sem kostur er á. Skyllt skal vera að jafna smölunum og rjettarferðum hlutfallslega niður á menn eftir fjäreign. Skulu sendimenn þessir leysa það verk vel af hendi og afhenda fjenaðinn, sem þeir hirða, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða skilvísium mönnum í hreppnum eða bæjarfjelaginu. Sannist það að einhver sendimaður vanræki skyldu sína í þessu efni, skal hann bæta það, sem af því leiðir; skal bæjarfjelaði láta vaka yfir fjenu, ef það er haft í rjettum eða girðingum í landi bæjarins að næturþeli.

4. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn skipar leitarforingja. Leitarforingjar skipa í leitir, og ræður hver þeirra yfir sínu safni þangað til það er komið í rjettir, er hver leitarmanna skyldur til að sýna honum fulla hlýðni.

## 5. gr.

92  
28. ág.

Reynist maður, sem sendur er í leit, svo ljelegur eða illa útbúinn, að hann getur ekki unnið fult gagn að dómi leitarstjóra og annara skilgóðra leitar-  
manna, skal sá, er þann mann sendir, sekur um 5—10 krónur til sveitarsjóðs þar, sem hann á heimili.

## 6. gr.

Lögrjettir vor og haust fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað eru:

1. Krísvíkurrjett, fyrir Grindavíkurhrepp; vorrjettir laugardaginn í 5. viku sumars og sama vikudag í 10. viku sumars. Aðalhaustrjett mánudaginn í 22. viku sumars.
2. Gjáarrjett, rjettarfjelag Garða- og Bessastaðahreppa og Hafnarfjarðarkaupstaðar; vorrjettir laugardaginn í 5. viku sumars og sama vikudag í 10. viku sumars. Aðalhaustrjett mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Vogarjett, fyrir Vatnsleysustrandarhrepp; vorrjettir þriðjudaginn í 5. viku sumars og sama vikudag í 10. viku sumars. Aðalhaustrjett miðvikudaginn í 22. viku sumars.
4. Háaleitisrjett, rjettarfjelag Hafna- Miðness- Gerða- og Keflavíkur-hreppa; vorrjettir miðvikudaginn í 5. viku sumars og sama vikudag í 10. viku sumars. Aðalhaustrjett þriðjudaginn í 22. viku sumars.

Tvær skilarjettir fara fram í lögrjett hverri sama vikudag, sú fyrri 2 vikur eftir aðalrjett, og hin síðari 2 vikum þar á eftir.

## 7. gr.

Rjettarstæði má breyta eftir tillögum hreppsnefndar, ef  $\frac{2}{3}$  hlutar fjallskyldra manna í hreppum rjettarfjelagsins greiðir atkvæði með því. Sje rjettarstæði breytt, skal það birt í Lögbirtingablaðinu. Sundurdráttarrjettir má hafa í hverju rjettarfjelagi eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

## 8. gr.

Bygging og viðhald rjetta með tilheyrandi dilkum innanhreppsmanna og safngerði, ef til er eða gert verður, sömuleiðis dilka við útrjettir annast hreppsnefnd þeirrar sveitar, sem rjettin liggur í, og dilka hefir utansveitar.

Við lögrjett hverja skal utansveitarmönnum, er þar eiga fjárvon, skylt að hafa dilk fyrir fjenað sinn eftir tilvísun hreppsnefndar, þar sem rjettin liggur. Fjallskilaskyldir rjettarfjelagsmenn vinna að bygging og viðhaldi rjetta eftir skipun hreppsnefndar.

## 9. gr.

Hreppsnefnd skal skipa rjettarstjóra, áhugasamann og fjárglökkann mann, og er hreppstjóra skylt að vera honum til aðstoðar og sjá um reglu. Ekki má

92 hleypta út úr dilkum fyrir en rjettarstjóri leyfir Rjettarstjóri skal athuga drátt og 28. ág. rannsaka dregið fje í dilkum.

## 10. gr.

Rjettarstjóri skal annast um að dreginn sje allur sá fjenaður, er eigandi finst að eftir markaskrá hjeraðsins og aðliggjandi hjeraða eða þekking glöggra og áreiðanlegra manna, ef viðstaddir menn fást til að hirða hann og koma honum til skila. Það sem þannig eigi verður komið til skila, skal fara með sem óskilafje. Semur hreppstjóri með aðstoð tilkvaddra manna nákvæma lýsing þess, og selur síðan við uppboð í rjettarlok.

## 11. gr.

Hross skulu seld með því skilyrði, að eigandi megi innleysa þau ef hann gefur sig fram innan 6 vikna frá þeim degi er lýsing gripanna birtist í Lögbertingablaðinu, en hana skal hreppstjóri senda blaðinu með fyrstu ferð eftir að salan hefir farið fram. Skal eigandi greiða allan kostnað af grip sínum frá söludegi og 10 af hundraði af uppboðsandvirðinu til kaupanda. Fyrir haga og geymslu má reikna 10 aura, en heygjöf alt að 50 aurum um sólarhring, fyrir hvern grip, þó hálfu minna fyrir folald sem fylgir móður.

## 12. gr.

Óskilafjenað og ómerkinga, er fyrir kunna að koma eftir haustrjettir, skal sá, er slíkur fjenaður kemur fyrir hjá, senda hlutaðeigandi hreppstjóra, er annast um að koma fjenaðinum til skila á sama hátt og fyrir er mælt í 10. gr., eða selur hann að undangenginni uppboðsauglýsingu. Fyrir geymslu sauðfjár, til sölundags má reikna 5 aura um sólarhring.

Þar sem fleiri sveitarfjelög eru í sama rjettarfjelagi, skal andvirði hins selda óskilafjár skiftast milli þeirra eftir fjárfjölda. Kostnað út af rjettarstæði og viðhaldi lögrjettar annist hlutaðeigendi sveitarfjelag einnig eftir fjárfjölda.

## 13. gr.

Lýsing hins selda óskilafjenaðar, er eigi hefir verið innleystur, skal hreppstjóri senda til birtingar í Lögbertingablaðinu fyrir miðjan janúarmánuð. Þeir sem sanna eignarrjett sinn að hinu selda fyrir næstu fardaga, fá uppboðsandvirðið að frádregnum innheimtulaunum og kostnaði. Að öðru leyti ber hreppstjóra að greiða andvirði selds óskilafjenaðar til hreppsnefndar innan loka júnímánaðar og gera jafnframt skilagrein fyrir allri sölu óskilafjár á næstliðnu fardagaári.

## 14. gr.

Ómerkingar, sem fyrir koma í rjettum, skal rjettarstjóri sjá um að dregnir sjeu í sjerstakan dilk, og skal hreppstjóri annast um að þeim, er þess óska, fái

að láta ær sínar eða hryssur helga sjer þá undir umsjón hans, en gangi þeir eigi út á þann hátt, skal hreppstjóri selja þá við uppboð á staðnum.

**92**  
28. ág.

#### 15. gr.

Ábúendur jarða, er land eiga undir lögrjett, fá úr hreppssjóði þóknun fyrir átroðning af rjettarhaldinu. Um upphæð átroðningsgjalds fyrir rjettarhöld fer eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði um það milli hreppsnefndar og ábúanda.

#### 16. gr.

Í rekstrum, hvort heldur sauðfjár eða hrossa, er fara eiga í kaupstað til slátrunar eða í aðrar sveitir, eða til útflutnings skal hver skepna hafa glöggt rekstrarmark svo að sjáist tilsýndar í björtu, og eigi máist af í votviðrum. Með slíka rekstra má eigi vera á ferð meðan rökkvað er af nóttu, nje dreifa þeim í haga án leyfis landráðanda. Brot gegn ákvæðum þessum varðar sektum 20—100 krónum. Rekstrarmenn greiða allir fyrir einn og einn fyrir alla. Fær uppljóstrarmaður helmig sektar, en sveitarsjóður þar sem brotið er framið, hinn helminginn. Hreppstjóri skal brýna fyrir bændum er næst búa vegum, að hafa sjerstaka gát á hvort þessi grein sje brotin.

#### 17. gr.

Ef rekstarmenn heimildarlaust reka skepnur til ógreiða, skulu þeir bæta eigendum það að fullu eftir mati dómkvaddra manna, ef eigi næst samkomulag með hlutadeigendum. Hafi misrekstur verið fyrir skeytingarleysi rekstrarmanna, varðar það þar að auki sektum, 1—5 kr. fyrir hverja kind og 5—20 kr. fyrir hvert hross sem rekin hafa verið til ógreiða er renni í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

#### 18. gr.

Þar sem upphæð sektar er ekki ákveðin við einstakar greinar í reglugjörð þessari, varðar brot gegn því 1—200 krónur, er renni í sveitarsjóð.

#### 19. gr.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Með reglugjörð þessari eru úr gildi numin reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði o. fl, dags. 5. ágúst 1902.

**92** Reglugjörð þessi, sem samin er af sýslunefnd Gullbringusýslu og samþykkt 28. ág. af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hjermeð samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, til að öðlast gildi 1. september 1914.

**Í stjórnarráði Íslands, 28. ágúst 1914.**

**Sig. Eggerz.**

*Jón Hermannsson.*

## **Samþykkt**

**93**  
10. sept.

### **fóðurforðabúrs Saurbæjarhrepps innan Dalasýslu.**

Sýslunefndin í Dalasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 gert eftirfylgjandi samþykkt fyrir Saurbæjarhrepp.

1. gr.

Fóðurforði búrsins safnast af:

- a. Stofnfjártillögum allra þeirra manna í Saurbæjarhreppi, sem búfje eiga og á vetur setja, miðað við skýrslur heyásetningsmanna með tilsjón af tíundarhaust-framtali, þannig, að þeim ber að borga til forðabúrsins þá er það er stofnað, af hverri kú 100 aur., hverjum hesti 20 aur. og hverri sauðkind 5 aur.
- b. Árleg tillög sömu manna skulu vera  $\frac{2}{5}$  partar af stofnfjargjaldinu af hverri skepnu.
- c. Annað fje, sem forðabúrið kann að taka að láni, gefast eða innhendast á annan hátt.

2. gr.

Ætlunarverk forðabúrsins er, að selja hreppsbum fóður þegar heyleysi og harðindi bera að höndum, eftir þeim reglum, sem getur um í 8. grein.

3. gr.

Kaupfjelagi Saurbæinga, eða annari þeirri verslun, sem hreppsbum skifta mest við, skal falið á hendur að kaupa kornmatarforða, géyma hann, afhenda, eftir því sem þarf, og endurnýja árlega, eftir því sem þörf gerist.

Þegar eigi fæst samið um endurnýjun forðans við viðskiftaverslun hrepps-